

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 524/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson hrl.)

gegn

Önnu Maríu Helgadóttur

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, út gefinni 30. ágúst 1993, og krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar og sviptingar ökuréttar. Ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, stöðvaðist lögreglubifreiðin nær samtímis bifreið þeirri, sem ákærða er sökuð um að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Var því mjög naumur tími til sætaskiptanna. Þrátt fyrir þetta er ekki loku fyrir það skotið, að ökumaðurinn og ákærða hafi haft ráðrúm til að skipta um sæti, áður en lögreglumennirnir komu að ákærðu undir stýri, en enginn þeirra sá hana aka bifreiðinni. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, sbr. 45. gr. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 18. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-97/1993: Ákærvaldið gegn Önnu Maríu Helgadóttur, sem dómtekið er í dag.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 16. febrúar 1993, á hendur Önnu Maríu Helgadóttur, Dísarási 14, Reykjavík, kt. 030868-2919, „fyrir að aka bifreiðinni HR-170 aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992 undir áhrifum áfengis frá Strákagili við Bása í Þórsmörk í Rangárvallasýslu stuttan spöl til vesturs eftir vegi að Básum, en sneri síðan við og ók til baka í átt að Básum, uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992 voru lögreglumenn við löggæslu og eftirlit á Þórsmerkursvæðinu. Sem þeir voru staddir við aðsetur lögreglunnar við Álfakirkju veittu þeir athygli bifreiðinni HR-170 sem ekið var frá Strákagili við Bása til vesturs í átt til þeirra. Bifreið þessi er Toyota-jeppi. Þegar bifreiðin nálgadist hugðust þeir stöðva akstur hennar en þá sneri ökumaður við og ók aftur í átt að Básum. Veittu lögreglumenn bifreiðinni eftirför og stöðvuðu akstur hennar skammt frá afleggjara að Bás-um og höfðu tal af þeim, sem þeir töldu ökumann, og var það ákærða.

Lögreglumenn fundu allsterka áfengislykt af ákærðu og sögðu hana hafa viðurkennt áfengisneyslu og að hún hefði verið að koma frá Strákagili og hafa ætlað yfir Krossá í Slyppugil. Ákærða var færð í Húsadal þar sem læknir tók af henni blóðsýni, og reyndist magn alkóhóls í blóði vera 1,95‰.

Í skýrslu um ölvun við akstur, sem gerð er umrædda nótt kl. 3.25, segir, að ákærða hafi svarað því játandi að hún hafi verið að aka og að hún hafi verið að drekka áfengi, fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ekki drukkið eftir að akstri lauk og að hún hafi verið að koma úr Strákagili. Ákærða undirritaði skýrslu þessa.

Daginn eftir sagði ákærða vitninu Valgeiri Ægi Ingólfssyni frá því, að hún hefði ekki ekið bifreiðinni um nóttina heldur skipt um sæti við ökumann sem hafi verið Viðar Marinósson.

Faðir ákærðu hafði símasamband við vitnið Gils Jóhannsson, lögreglu-

mann á Hvolsvelli 3. ágúst 1992 og sagði vitninu frá því, að dóttir sín hefði verið að taka á sig sök fyrir annan, og jafnframt talaði ákærða við vitnið, en vitnið mundi ekki hvað þau ræddu.

Ákærða gaf síðan skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þriðjudaginn 11. ágúst 1992 og kvaðst þá hafa verið farþegi í umræddri bifreið en ökumaður hafi verið Viðar Marinósson sem hafi tekið að sér að aka henni og bróður hennar að Slyppugili. Hafi þau Viðar skipt um sæti eftir að hann hefði stöðvað bifreiðina og drepíð á vélinni. Hafi hún setið aftur í ásamt Guðmundi Antoni Helgasyni, bróður sínum.

Dró ákærða þar með fyrri framburð sinn til baka og lýsti því að það hafi ekki verið hún heldur Viðar sem ók í umrætt sinn.

Viðar Marinósson, Steinaseli 6, Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 28. september 1992. Hann sagðist hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Hann hefði drukkið skömmu áður einn áfengan bjór, Löwenbräu, og ekki viljað eiga á hættu að lenda í vandræðum þess vegna þegar lögreglan stöðvaði þau. Hafi hann því talað við ákærðu sem honum hafi virst ódrukkin og hafi hún tekið á sig að hafa ekið bifreiðinni. Unnusta hans, Bryndís Guðmundsdóttir, hafi einnig verið í bifreiðinni, en búin að drekka. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Honum hafi ekki fundist ákærða ölvuð og gat enga skýringu gefið á því aðra en þá að honum hafi fundist hún ódrukkin. Hún hefði ekki verið með vitninu fyrir um kvöldið, hann hafi hitt hana rétt fyrir aksturinn.

Þegar hann sá lögregluna koma kvaðst hann hafa snúið við og ekið til baka og staðnæmst síðan, og þá hafi þau ákærða skipt um sæti, en hún hafði setið aftur í.

Vitnið Óli Kristinn Ottósson lögreglumaður sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að er bifreiðinni HR 170 hefði verið ekið í átt að varðstjóraskýlinu og síðan snúið við áleiðis inn í Bása hafi hann ásamt tveimur lögreglumönnum veitt bifreiðinni eftirför á lögreglubifreið og hafi hann þurft að auka hraða lögreglubifreiðarinnar þar til hún var komin að jeppanum og hafi hann þurft að nauðhemla og aka síðan fram með jeppanum hægra megin. Hann sá ákærðu undir stýri, eftir að bifreiðin hafði stöðvast, en sagðist ekki hafa séð hver var ökumaður. Þá sagði vitnið að hann hefði ekki séð hvað gerðist inni í jeppanum. Hins vegar hafi ákærða viðurkennt fyrir vitninu að hún hefði verið að aka bifreiðinni og málið verið meðhöndlað í samræmi við það.

Vitnið Sölvi Rafn Rafnsson héraðslögreglumaður sagði í skýrslu sinni hér fyrir dómi að þeir hefðu elt Toyotuna á lögreglubifreið. Þegar þeir voru komnir að henni beygðu þeir fram með Toyotunni, og hefði lögreglubif-

reiðin varla verið stöðvuð, þegar vitnið og félagi hans stukku út og opnuðu dyr á Toyotunni, og sat ákærða þá undir stýri. Toyotan hafði þá stöðvast en vitnið sagði, að bifreiðarnar hafi stöðvast samtímis. Vitnið kvaðst ekkert geta sagt um, hvort ákærða hefði ekið bifreiðinni, en hann hefði séð hana undir stýri, eftir að bifreiðin stöðvaðist.

Vitnið Sveinn Ægir Árnason lögreglumaður sagði í skýrslu sinni, að í umrætt sinn hefðu þeir Sölvi og Óli veitt bifreiðinni eftirför og elt hana uppi. Ekki sá vitnið hvað gerðist inni í bílnum. Þeir renndu með hliðinni á honum, um leið og hann staðnæmdist. Vitnið sá inn í bílinn, um leið og þeir komu að honum. Vitnið sá ákærðu ekki aka, en hún sat undir stýri, er dyrnar voru opnaðar. Hann kvaðst ekki hafa séð neina hreyfingu í bifreiðinni, meðan hún var á ferð.

Vitnið Viðar Marinósson sagði að hann hefði verið ökumaður bifreiðarinnar umrætt skipti. Hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa, og þegar hann sá lögregluna, sneri hann við og ók til baka. Hann kvaðst hafa verið búinn að drekka bjór og hafa haft atvinnu af akstri á dráttarbílum og óttast, að hann lenti í vandræðum ef hann yrði stöðvaður og lögregla hefði afskipti af honum. Hann hefði spurt ákærðu, hvort hún væri ekki til í að skipta við sig, og hefði hún verið til í það og þau skipt um sæti. Í því hefði lögreglumáðurinn opnað dyrnar. Hann kvaðst ekki hafa séð ölvunareinkenni á ákærðu.

Hann sagði að ákærða hefði setið hægra megin að aftan og hann fært sig að farþegasætinu og ákærða sest í ökumannssætið.

Vitnið Bryndís Guðmundsdóttir sagði í skýrslu sinni að hún hefði setið í farþegasæti að framan. Hún kvað Viðar hafa verið ökumann, og hefði hann beðið sig um að skipta við sig um sæti en hún ekki viljað það. Viðar hefði þá beðið ákærðu um að skipta við sig um sæti eftir að bifreiðin hafði verið stöðvuð. Lögreglubifreiðin hefði verið um það bil að stöðvast rétt fyrir aftan þau um það bil er ákærða og Viðar skiptu um sæti. Viðar hefði farið úr ökumannssætinu og aftur í, og hefði ákærða stokkið fram í sætið og verið rétt komin í það, er lögreglan opnaði bíldyrnar.

Vitnið Guðmundur Anton Helgason, bróðir ákærðu, var farþegi í bifreiðinni umrætt sinn. Hann sagði að Viðar hefði ekki viljað stöðva bifreiðina þegar hann varð lögreglunnar var heldur snúið við og ekið allgreitt. Viðar hefði beðið vitnið Bryndísi að skipta um sæti við sig, en hún ekki viljað. Ákærða hefði boðist til að skipta um sæti við Viðar, og hefðu þau gert það.

Niðurstaða.

Þegar litið er til framburðar vitnisins Viðars Marinóssonar um, að hann hafi ekið bifreiðinni og að ákærða hefði skipt um sæti við hann, svo og

skýrslna vitnanna Bryndísar Guðmundsdóttur og Guðmundar Antons Helgasonar og enn fremur þess, að enginn lögreglumannanna sá ákærðu aka bifreiðinni umrætt sinn, þykir ekki komin fram fullnægjandi sönnun um sekt ákærðu og verður hún því sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 70.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Anna María Helgadóttir, skal sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., greiðist úr ríkissjóði.
